

## AUGLÝSING

### um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS  
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 148. löggjafarþings, frá 29. desember 2017 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 22. janúar 2018.

*Gjört á Bessastöðum, 28. desember 2017.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Katrín Jakobsdóttir.*“

Alþingi samþykkti hinn 30. desember 2017 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 148. löggjafarþings, frestað hinn 30. desember 2017.

*Forsætisráðuneytinu, 30. desember 2017.*

F. h. r.  
**Ragnhildur Arnljótsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ágúst Geir Ágústsson.*